



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Alþingi  
Erindi nr. P 130/776  
komudagur 20.1.2004

Grettisgata 89  
105 Reykjavík

Sími 525 8340  
Fax 525 8349

sfr@bsrb.is  
www.sfr.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2004

Stjórn SFR (Starfsmannafélags ríkisstofnana) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál, uppsögn.

Stjórn SFR lýsir sig algjörlega ósammála frumvarpinu og krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka. Það er í hæsta máta óeðlilegt að Alþingi geri einhliða grundvallar-breytingar á þeim lögum sem kjarasamningar starfsmanna ríkisins byggja á. Reglur um áminningu og andmælarétt í 21. grein gildandi laga fela í sér grundvallaratriði um starfs-öryggi starfsmanna ríkisins. Afnáam þessa lagaákvæðis þýðir að andmælaréttur starfsmanna er felldur niður og þeir settir undir geðþóttavald forstöðumanna.

Það skýtur skökku við að ríkið skuli setja þá lagaskyldu á herðar sveitarfélaga að semja við stéttarfélög um réttindi og skyldur sinna starfsmanna, en taka sér sjálft það vald að ákveða slíkt án samráðs. Minnt er á að undir stjórn núverandi fjármálaráðherra, Geirs H. Haarde, var árið 1995 eftirfarandi ákvæði bætt við stjórnarskrána: **“Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu”**.

Slíkar breytingar sem hér eru lagðar til verða ekki gerðar nema með víðtæku samkomu-lagi við samtök þess fólks sem undir lögin heyra og ítrekar stjórn SFR andmæli sín við þessum fyrirætlunum.

Að öðru leyti vísast til umsagnar BHM, BSRB og KÍ frá 19. janúar 2004 um frumvarp þetta.

F.h. stjórnar SFR,

  
\_\_\_\_\_  
Jens Andrésson  
formaður SFR